

AUGLÝSING

um staðfestingu á ákvörðun Umhverfisstofnunar um takmörkun á umferð í hella í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt 25. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest ákvörðun Umhverfisstofnunar dags. 7. júlí 2020, um takmörkun á umferð í hella í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit. Ákvörðun Umhverfisstofnunar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Ákvörðunin skal endurmetin árlega.

Ákvörðunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 31. ágúst 2020.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRDUN

Umhverfisstofnunar um takmörkun á umferð í hella í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit.

7. júlí 2020

Hraunhellar eru sérstakar og nokkuð fágæt jarðmyndun á heimsvísu, en Ísland er sérlega ríkt af slíkum hellum sökum mikillar eldvirkni. Af jarðmyndunum eru hraunhellar afar viðkvæmir og í þeim er algengt að finna hraunmyndanir líkt og hraunstrá, dropsteina og annað hellaskraut. Slík fyrirbæri eru afar viðkvæm fyrir öllu raski, þola lítið sem ekkert hnjask og tjón vegna rasks á slíkum jarðmyndunum er með öllu óafturkræft. Að auki er algengt að veggir og gólf í hraunhellum sé þakið örþunnum glerjungi sem molnar undan umferð. Vel er þekkt að hraunstrá og dropsteinar hafi verið brotin og tekin úr þekktum hellum á landinu eftir því sem umferð um þá hefur aukist, t.d. Raufarhólshelli, Víðgelmi og Leiðarenda, sem skert hefur verðmæti hellanna varanlega.

Nokkrir hellar í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit hafa verið þekktir lengi (t.d. Togarahellir), en nýverið hefur Hellarannsóknarfélagið kannað nokkurn fjölda nýfundinna hella í hrauninu. Verndargildi hella í Þeistareykjahrauni þykir sérlega hátt sökum mikils fjölda dropsteina og annarra viðkvæmra hraunmyndana sem í þeim finnast. Magn og þéttleiki dropsteina í þeim er slíkt að erfitt er um vik að ferðast í hellunum án þess að valda tjóni. Afar brýnt er því að grípa til aðgerða til að takmarka umferð inn í þessa hella til að koma í veg fyrir skemmdir og vernda þá til frambúðar. Nýleg vegagerð í hrauninu hefur stórbætt aðgengi að svæðinu og því viðbúið að umferð um svæðið fari vaxandi, sem verulega eykur hættuna á varanlegri röskun hellanna. Hætta á tjóni vegna umferðar inn í hellana skapar því mikla hættu á að mjög viðkvæmar og ósnortnar náttúrumyndanir skemmist og væri það tjón óafturkræft ef umferð um þá verður ekki takmörkuð.

Með vísan til framangreinds hefur Umhverfisstofnun ákveðið að aðgangur að hellum í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit, að undanskildum Togarahelli, verði takmarkaður í verndarskyni skv. heimild í 25. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðun:

Öll umferð um hellana í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit, að undanskildum Togarahelli, er bönnuð fyrir aðra en þá sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirliti með verndun hellanna.

Ákvörðunin tekur gildi þegar ráðherra hefur staðfest hana.

Ákvörðunin skal endurmetin árlega.